

Nd.

136. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem jární eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá í Kjós.
3. Botnsá í Hvalfjarðarbotni.
4. Geitabergsá í Svinadal.
5. Suðurá í Dalasýslu.
6. Reykjadalsá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
7. Múlaá í Barðastrandarsýslu.
8. Bæjará í Barðastrandarsýslu.
9. Víkurá í Strandasýslu.
10. Ósá í Strandasýslu.
11. Grjótá í Strandasýslu.
12. Staðará í Strandasýslu.
13. Miðdalsá í Strandasýslu.
14. Laxá á Laxárdalsheiði.
15. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Kaldakvísl á Tjörnesi.
2. Svalbarðsá í Pistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Finnafjarðará í Skeggjastaðahreppi.
4. Saurbæjará í Skeggjastaðahreppi.
5. Bakkaá í Skeggjastaðahreppi.
6. Fossá í Jökulsárhlið.
7. Reiðhólskvísl í Jökulsárhlið.
8. Selfjót í Hjaltastaðapinghá.
9. Breiðdalsá.
10. Berufjarðará.
11. Fossá í Berufirði.
12. Búlandsá í Berufirði.
13. Geithellnaá í Álftafirði.
14. Hofsa í Álftafirði.
15. Selá í Álftafirði.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rímhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðabalakvísl á Siðu.
16. Hörgsá á Siðu.
17. Eldvatn á Siðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpa í Fljótshverfi.
21. Kolgrima í Suðursveit.
22. Heinabergsvötn.
23. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.
3. Skjálfafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
2. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
3. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
4. Geithúsaá á Fagradalsbraut.
5. Búðará á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr yfir stórvötn á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Staðará í Staðarsveit.
3. Vatnsholtsá í Staðarsveit.
4. Vatnsdalsá í Vatnsdal framanverðum.
5. Blanda hjá Löngumýri.
6. Eyjafjarðará á Stíflu.
7. Fnjóská í framanverðum Fnjóskadal.
8. Skjálfafljót í Köldukinn.
9. Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.
10. Jökulsá á Dal hjá Hjarðarhaga.
11. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
12. Jökulsá í Fljótsdal.
13. Hvítá í Árnassýslu norðan Bláfells.
14. Hvítá í Árnassýslu hjá Iðu.
15. Hvítá hjá Kiðjabergi.
16. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum skal fara sem hér segir:

- a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr rikissjóði.
- b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $\frac{2}{3}$ hlutum úr rikissjóði gegn $\frac{1}{3}$ hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag rikissjóðs til brúargerða, er kosta yfir 8 þús. kr., vera hærra, sem hér segir:
 1. Til brúargerða, sem kosta frá 8—16 þús. kr., smáhækkandi í jöfnu hlutfalli úr $\frac{2}{3}$ hlutum í $\frac{3}{4}$ hluta.
 2. Til brúargerða, sem kosta yfir 16 þús. kr., $\frac{3}{4}$ hlutar kostnaðar.
- c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af rikissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr rikissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr rikissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr rikissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919, um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.